

ENDURRIT ÚR FUNDARGERÐABÓK BÆJARSTJÓRNAR ÁRBORGAR

48. fundur bæjarstjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2010-2014, haldinn miðvikudaginn 18. desember 2013 kl. 17:00 í Ráðhúsi Árborgar, Selfossi.

Neðanskráðir bæjarfulltrúar eru mættir:

Ari Björn Thorarensen, D-lista, forseti bæjarstjórnar,
Eypór Arnalds, D-lista,
Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista,
Gunnar Egilsson, D-lista,
Kjartan Björnsson, D-lista,
Helgi Sigurður Haraldsson, B-lista,
Eggert Valur Guðmundsson, S-lista,
Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista,
Andrés Rúnar Ingason, varamaður, V-lista

Auk þess situr fundinn Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, og Rósa Sif Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Forseti bæjarstjórnar setti fundinn

Dagskrá:

I. Fundargerðir til staðfestingar

1. a) 1301007
Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 65. fundur
<http://www.arborg.is/65-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar/> frá 13. nóvember
- b) 1301011
Fundargerð íþróttá- menningarnefndar 11. fundur
<http://www.arborg.is/11-fundur-ithrotta-og-meningarnefndar/> frá 13. nóvember
- c) 1301009
Fundargerð fræðslunefndar 38. fundur
<http://www.arborg.is/38-fundur-fraedslunefndar/> frá 14. nóvember
- d) 160. fundur bæjarráðs (1301006) frá 21. nóvember
<http://www.arborg.is/160-fundur-baejarrads/>

2. a) 161. fundur bæjarráðs (1301006) frá 28. nóvember
<http://www.arborg.is/161-fundur-baejarrads-2/>

3. a) 1301010
Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar 41. fundur
<http://www.arborg.is/41-fundur-skipulags-og-byggingarnefndar/> frá 26. nóvember

Úr fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, til afgreiðslu:

-liður 13, málsnr. 1302008- Aðalskipulagsbreyting – lagning jarðstrengs og ljósleiðara. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við bæjarstjórn að óskað verði eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna.

- b) 1301011
Fundargerð íþróttá- og menningarnefndar 12. fundur
<http://www.arborg.is/12-fundur-ithrotta-og-menningarnefndar/> frá 27. nóvember

- c) 162. fundur bæjarráðs (1301006) frá 6. desember
<http://www.arborg.is/162-fundur-baejarrads/>

Úr fundargerð bæjarráðs, til afgreiðslu:

- liður 11, málsnr. 1305072 – Kaup á húsnæði Tónlistarskóla Árnesinga. Bæjarráð samþykkir að kaupa alla hluti í Verktækni ehf, sem er eigandi að húsnæði Tónlistarskóla Árnesinga að Eyravegi 9, skv. framkomnu tilboði, og felur framkvæmdastjóra sveitarfélagsins að ganga frá kaupsamningi. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna málsins.

4. a) 1301007
Fundargerð framkvæmda- og veitustjórnar 66. fundur
<http://www.arborg.is/66-fundur-framkvaemda-og-veitustjornar/> frá 4. desember

- b) 163. fundur bæjarráðs (1301006) frá 12. desember
<http://www.arborg.is/163-fundur-baejarrads/>

- liður 1 b) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íþróttá- og menningarnefndar frá 13. nóvember, lið 2 , málsnr. 1306033 – Menningarmánuðurinn 2013.
- liður 1 b) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íþróttá- og menningarnefndar frá 13. nóvember, lið 3, málsnr. 1310039 – Kjör á íþróttakonu og –karls Árborgar 2013.
- liður 1 b) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íþróttá- og menningarnefndar frá 13. nóvember, lið 4, málsnr. 1304086 – Menningarstyrkir ÍMÁ 2013.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Kjartan Björnsson, D-lista, tóku til máls.

- liður 1 b) Kjartan Björnsson, D-lista, tók til máls um fundargerð íþrótt- og menningarnefndar frá 13. nóvember, lið 5, málsnr. 1310038 – Jól í Árborg.
- liður 1 c) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 14. nóvember, lið 5, málsnr. 1311050 – Samræmd könnunarpróf í grunnskólum.

Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, og Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tóku til máls.

- liður 1 c) Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tók til máls um fundargerð fræðslunefndar frá 14. nóvember, lið 2, málsnr. 1303127 – Samskipti fræðsluviðs Árborgar og Skólaskrifstofu Suðurlands og lagði fram eftirfarandi fyrirspurn:

Vísað er til umfjöllunar á 38. fundi fræðslunefndar, lið 2 (1303127) Bréf frá starfsfólki Skólaskrifstofu Suðurlands, dagsett 8. október. Í bókunum fulltrúa V-lista og svipað hjá fulltrúa S-lista fóru fulltrúarnir fram á að bréf starfsmanna Skólaskrifstofunnar verði birt samhliða skýrslunni ásamt öðrum athugasemdum á vef Árborgar og haft sem viðauki með skýrslunni hvar sem hún liggur frammi. Hefur þetta verið gert? Hefur bréfi starfsfólks Skólaskrifstofu Suðurlands verið svarað og ef svo er þá hvernig? Áréttu fyrri bókun mína um framlagningu bréfs starfsfólks SKS.

Andrés Rúnar Ingason, fulltrúi V-lista.

Gunnar Egilsson, D-lista, Sandra Dís Hafþórsdóttir, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

- liður 2 a) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 28. nóvember, lið 2, málsnr. 1306045 – Suðurlandsvegur og fyrirhuguð veglína.

Kjartan Björnsson, D-lista, Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, Andrés Rúnar Ingason, V-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, og Eypór Arnalds, D-lista, tóku til máls.

- liður 2 a) Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 28. nóvember, lið 15, málsnr. 1309226 – Fjárhagsáætlun 2014, forsendur.

Eypór Arnalds, D-lista, Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

- liður 3 b) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð íþrótt- og menningarnefndar frá 27. nóvember, lið 2, málsnr. 1311129 – Aðstaða til iðkunar almennra íþróttar fyrir ungmenni- og tók heils hugar undir tillögu fulltrúa S-lista á fundinum.

Eypór Arnalds, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Kjartan Björnsson, D-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls og tók einnig undir bókun fulltrúa S-lista á fundinum.

- liður 3 c) Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 6. desember, lið 2, málsnr. 1301010 – Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, lið 8, málsnr. 1201041 – Beiðni Kapólsku kirkjunnar um lóð- og tók heils hugar undir bókun Örnú Írar Gunnarsdóttur frá fundinum, en ítrekaði að hann hefði ekkert á móti Kapólsku kirkjunni.

Andrés Rúnar Ingason, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúi Vinstri grænna lýsir yfir áhyggjum sínum af því að á sýslumannstúnið verði sett starfsemi sem hafi ófullnægjandi bílastæði fyrir þau umsvif sem ætla má að af starfseminni hljóti. Viðkomandi gatnamót Austurvegar og Hörðuvalla eru mikilvæg fyrir alla neyðarviðbragðsaðila í bænum, lögreglu, sjúkrahús, sjúkraflutninga, slökkvilið og björgunarsveit. Ef á lóð sýslumannstúnsins verða sett kirkja, safnaðarheimili og prestbústaður, verður það lítið pláss eftir fyrir bílastæði að hætt er við að það anni ekki þörf og þá myndist óheppilegt ástand vegna bíla sem lagt verður í nágrenninu. Telur undirritaður að nóg framboð sé á rúmgóðum lóðum á öðrum stöðum í sveitarfélaginu, sem hentað gætu ágætlega fyrir umrædda starfsemi kapólska safnaðarins á Selfossi og fer fram á að teknar verði upp viðræður við söfnuðinn um nýja og betri lóð.

Andrés Rúnar Ingason, fulltrúi V-lista.

Eypór Arnalds, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Kjartan Björnsson, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, tóku til máls.

- liður 3 a) Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 26. nóvember – liður 13, málsnr. 1302008 – Aðalskipulagsbreyting – lagning jarðstrengs og ljósleiðara. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við bæjarstjórn að óskað verði eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Gert var fundarhlé.

Fundi var haldið áfram.

- liður 3c) Fundargerð bæjarráðs frá 6. desember – liður 11, málsnr. 1305072 – Kaup á húsnæði Tónlistarskóla Árnesinga. Bæjarráð samþykkir að kaupa alla hluti í Verktækni ehf, sem er eigandi að húsnæði Tónlistarskóla Árnesinga að Eyravegi 9, skv. framkomnu tilboði, og felur framkvæmdastjóra sveitarfélagsins að ganga frá kaupsamningi. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna málsins.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, Eypór Arnalds, D-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, tóku til máls.

Eypór Arnalds, D-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun frá öllum fulltrúum bæjarstjórnar:

Kaup á húsnæði Tónlistarskólans að Eyravegi 9 í stað þess að leigja húsnæðið eru hagstæð fyrir sveitarfélagið, enda létta þau greiðslubyrði sveitarfélagsins sem nemur 6 milljónum króna árlega. Þá hafa kaupin ekki áhrif til hækkunar hlutfalls skulda sveitarfélagsins af tekjum þess, þar sem leiguskuldbinding samkvæmt leigusamningi um húsið, sem verið hefur í gildi, reiknast sem skuld í bókum sveitarfélagsins. Loks mun sveitarfélagið með kaupunum eignast húsnæðið sem er sérhannað til tónlistarkennslu og hentar vel því góða starfi sem unnið er í Tónlistarskóla Árnesinga.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- liður 4 b) Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls um fundargerð bæjarráðs frá 12. desember, lið 8, málsnr. 1305058 – Íbúðir Íbúðalánasjóðs í Árborg, staða mála- og lagði fram eftirfarandi bókun:

Undirritaður átelur harðlega aðgerðaleysi Íbúðalánasjóðs við að koma auðu leiguhúsnæði í eigu sjóðsins í Sveitarfélaginu Árborg í útleigu eða sölu. Mikill skortur er á leiguhúsnæði í sveitarfélaginu í dag og ríkir neyðarástand í þeim málum.

Helgi S. Haraldsson, B-lista. Aðrir bæjarfulltrúar tóku undir bókunina.

Gert var fundarhlé.

Fundi haldið áfram.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls og lagði fram eftirfarandi ályktun frá öllum fulltrúum í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn lýsir yfir miklum vonbrigðum með stöðu mála hjá Íbúðalánasjóði. Um mitt síðasta ár var fjöldi auðra íbúða í eigu Íbúðalánasjóðs 50 talsins, skv. upplýsingum sjóðsins, en eru nú 80 og hefur því fjölgað um nálægt 60%. Yfirlýsingar sjóðsins um sölu eigna og leigu hafa því ekki staðist. Þvert á móti hefur íbúðunum fjölgað mjög. Þá var heildarfjöldi íbúða ÍLS í Árborg 122 í febrúar 2012, en eru nú 159 skv. upplýsingum sjóðsins. Við þetta verður ekki lengur unað.

Kjartan Björnsson, D-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

Fundargerðirnar voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða að undanskildum. Þeim liðum sem áður höfðu verið samþykktir.

Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar lagði til þá breytingu á dagskrá fundarins að taka síðast á dagskrá lið 2, 3 og 4. Var það samþykkt samhljóða.

II. 1310040

Tillaga að breytingu á gjaldskrá Selfossveitna 2014 – síðari umræða

Bæjarráð samþykkir 3,3% hækkun á gjaldskrá Selfossveitna

Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

III. 1310122
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir skólavistun í Árborg 2014 – síðari umræða

Bæjarráð samþykkir að gjaldskrá verði óbreytt milli ára.

IV. 1310123
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir leikskóla í Árborg 2014 – síðari umræða

Helgi S. Haraldsson, B-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

Bæjarráð samþykkir að gjaldskrá verði óbreytt milli ára.

V. 1310124
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir mat í leikskólum í Árborg 2014 – síðari umræða

Bæjarráð samþykkir að gjaldskrá verði óbreytt milli ára.

VI. 1310126
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir skólamat í grunnskólum í Árborg 2014 – síðari umræða

Bæjarráð samþykkir að gjaldskrá verði óbreytt milli ára.

VII. 1310127
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald í Árborg 2014 – síðari umræða

Helgi S. Haraldsson, B-lista, og Gunnar Egilsson, D-lista, tóku til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

VIII. 1310128
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Árborg 2014 – síðari umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

IX. 1310129
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir sundlaugar í Árborg 2014 – síðari umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

- X. 1310130**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir bókasöfn í Árborg 2014 – síðari umræða
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XI. 1310155**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu – síðari umræða
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XII. 1310156**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir leigubílaakstur aldraðra – síðari umræða
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XIII. 1310157**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir ferðaþjónustu fatlaðra – síðari umræða
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XIV. 1310158**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir Frístundaklúbbinn – síðari umræða
- Bæjarráð samþykkir að gjaldskrá verði óbreytt milli ára.
- XV. 1310159**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir Grænumörk – síðari umræða
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XVI. 1310164**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir talþjálfun leik- og grunnskólabarna – síðari umræða
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XVII. 1310169**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna afnota á skólahúsnæði – síðari umræða
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
- XVIII. 1310170**
Tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna fráveitu (tæmingar rotþróa) – síðari umræða
- Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

XIX. 1311046

Tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir sorphirðu í Árborg 2014 – síðari umræða

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

XX. 1309226

Ákvörðun útsvarsprósentu

Lagt er til að útsvarsprósentan verði 14,52% árið 2014 með þeim fyrirvara að lagabreyting á bráðabirgðaákvæði við lög um tekjustofna sveitarfélaga nái fram að ganga á Alþingi.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, tók til máls.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

XXI. 1309226

Fjárhagsáætlun 2014 – síðari umræða

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls.

Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri tók til máls og fylgdi úr hlaði viðauka við greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 - 2017

Viðauki við greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 – 2017

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2014 - 2017 er lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn miðvikudaginn 18. desember. Fyrri umræða fór fram þann 30. október síðastliðinn.

Breytingar hafa átt sér stað á milli umræðna og verður farið yfir þær hér á eftir. Einkum verður gerð grein fyrir breytingum á áætlun ársins 2014 en stiklað á stóru fyrir áætlanir fyrir árin 2015 – 2017.

Verðbólga

Í fyrri umræðu var gert ráð fyrir að verðbólga væri 3,0% en í fjárhagsáætlun 2014 sem lögð er fram til seinni umræðu er gert ráð fyrir að verðbólga sé 3,3%.

Hækkanir á gjaldskrá

Í fyrri umræðu var gert ráð fyrir því að hækka gjaldskrár í leik- og grunnskólum um 4% milli áranna 2013 og 2014 en í fjárhagsáætlun sem lögð er fram til seinni umræðu er fallið frá þessari hækkun og gjaldskráin því óbreytt milli ára. Í fyrri umræðu var gert ráð fyrir gjaldskrárhækkun hjá Selfossveitum um 5% en í áætlun sem lögð er fram hér til seinni umræðu er gjaldskrárhækkunin 3,3%.

Rekstrarniðurstaða

Áhrif breytinga á fjárhagsáætlun 2014 lækkar rekstrarafgang úr 98,8 millj.kr. í 77,7 millj.kr.

Rekstrarafgangur árið 2015 lækkar úr 128,7 millj.kr. í 118 millj.kr.

Rekstrarafgangur árið 2016 lækkar úr 131,3 millj.kr. í 114,9 millj.kr.

Rekstrarafgangur árið 2017 lækkar úr 166,1 millj.kr. í 146,3 millj.kr.

Breytingar á málaflokkum milli umræðna

Í töflunni hér á eftir má sjá breytingar á málaflokkum milli umræðna :

Í þús.kr	2014	2014	
Aðalsjóður	Fyrri umræða	Seinni umræða	Mismunur
00 Skatttekjur	4.589.973	4.607.590	-17.617
02 Félagsþjónusta	-767.250	-772.807	5.557
04 Fræðslu- og uppeldismál	-2.564.961	-2.576.898	11.937
05 Menningarmál	-142.453	-146.119	3.666
06 Æskulýðs- og íþróttamál	-532.450	-533.350	900
07 Brunamál og almannavarnir	-71.021	-71.021	0
08 Hreinlætismál	-16.582	-16.877	295
09 Skipulags- og byggingamál	-152.768	-152.768	0
10 Umferðar- og samgöngumál	-213.331	-216.536	3.205
11 Umhverfismál	-140.970	-140.970	0
13 Atvinnumál	-29.487	-27.543	-1.944
21 Sameiginlegur kostnaður	-193.972	-193.755	-217
22 Lífeyrisskuldbindingar	-34.300	-34.300	0
27 Óvenjulegir liðir	-60.000	-60.000	0
28 Fjármagnsliðir	241.523	238.252	3.271
	-88.049	-97.102	9.053
Aðrir sjóðir í A-hluta			0
31 Eignasjóður	94.830	91.296	3.534
71 Fasteignafélag Árborgar slf	-157.637	-161.679	4.042
33 Þjónustumiðstöð	-16.319	-16.356	37
	-167.175	-183.841	16.666
Sjóðir í B-hluta			0
51 Byggingarsjóður aldraðra	-17.957	-18.929	972
75 Leigubústaðir Árborgar ehf	-2.143		-2.143
67 Fráveita	187.819	186.483	1.336
77 Selfossveitur	4.135	692	3.443
69 Vatnsveita	116.658	116.511	147
83 Sandvíkursetur ehf	-22.497	-23.204	707
	98.840	77.712	21.128

- **Málaflokkur 00 – Skatttekjur**
Hækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði samtals 17,6 millj.kr. samkvæmt áætlun sjóðsins.
- **Málaflokkur 02 – Félagsþjónusta**
Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 5,6 millj.kr. milli umræðna. Aukninguna má rekja til aukins framlags til fjárhagsaðstoðar vegna hækkunar á grunnkvarða, aukningu á þjónustukaupum v/grunnþjónustu í málefnum fatlaðra, aukins kostnaðar við ræstingarþjónustu vegna fjölgunar notenda í félagslegri heimaþjónustu, niðurgreiðslu á garðþjónustu fyrir eldri borgara og öryrkja. Kostnaðar vegna funda stjórnar þjónustusvæðis Suðurlands í málefnum fatlaðs fólks ásamt kostnaði við aðstoðarmann fyrir fatlaða nefndarmenn í notendaráði fyrir þjónustusvæði í málefnum fatlaðra á Suðurlandi.
- **Málaflokkur 04 – Fræðslu- og uppeldismál**
Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 11,9 millj.kr. milli umræðna. Aukninguna má rekja til þess að hætt var við allar gjaldskrárhækkanir í málaflokknum og aukningar á fjárheimildum til tölvumála í leik- og grunnskólum.
- **Málaflokkur 05 – Menningarmál**
Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 3,7 millj.kr. milli umræðna. Um er að ræða aukningu vegna vinnusamnings Björgunarfélags Árborgar vegna kaupa á þeirra hlut í Björgunarmiðstöðinni.
- **Málaflokkur 06 – Æskulýðs- og íþróttamál**
Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 900 þús.kr. milli umræðna. Um er að ræða aukningu á styrk til Skátafélagsins Fossbúa, íþróttafélags FSU og tómsundastyrks til ungmennaráðs.
- **Málaflokkur 08 – Hreinlætismál**
Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 295 þús.kr. Aukninguna má rekja til aukningar á framlagi til SASS vegna Heilbrigðiseftirlitsins.
- **Málaflokkur 10 – Umferðar- og samgöngumál**
Fjárheimildir til málaflokksins hækka um 3,2 millj.kr. milli umræðna. Aukninguna má rekja til aukningar á framlagi til SASS vegna strætó á Árborgarsvæðinu og aukningar á snjómokstri vegna vetrarþjónustu á gangstéttum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
- **Málaflokkur 13 – Atvinnumál**
Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 1,9 millj.kr. milli umræðna. Lækkunina má rekja til lækkunar á framlagi til SASS vegna Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.
- **Málaflokkur 21 – Sameiginlegur kostnaður**
Fjárheimildir til málaflokksins lækka um 217 þús.kr. milli umræðna. Breytinguna má rekja til lækkunar á framlögum til SASS og aukningar í vörukaupum vegna endurnýjunar á tölvubúnaði.
- **Málaflokkur 31 - Eignasjóður**
Aukning á tekjum í málaflokknum um 4,7 millj.kr. vegna leigu á menningarsal í Hótel Selfoss.
- **Málaflokkur 77 - Selfossveitur**
Niðurstaða málaflokksins lækkar um 3,4 millj.kr. sem rekja má til þess að hækkun á gjaldskrárm fór úr 5% í 3,3%.

Breytingar á fjárfestingaráætlun

- Í fyrri umræðu voru fjárfestingar árið 2014 áætlaðar 926,7 millj.kr. og í fjárhagsáætlun sem lögð er fram til seinni umræðu hér eru fjárfestingar áætlaðar 899,4 millj.kr. Um er að ræða lækkun um 27,3 millj.kr. Breytingar á fjárfestingaráætlun árið 2014 eru eftirfarandi :

Eignadeild :

Kaup á smíðastofu Stokkseyri	6.900.000 kr.
Aðvörunarljós við öryggissvæði flugbrautar	3.200.000 kr.
Viðbygging við Grænumörk	1.500.000 kr.
Aðkoma að Kríunni	1.000.000 kr.
Vegagerð í Hellisskógi	1.000.000 kr.
Hestamannafélagið Sleipnir – lóðalýsing á félagasvæði	560.000 kr.

Fasteignafélag Árborgar:

Viðbygging við Sundhöll Selfoss	-40.000.000 kr.
---------------------------------	-----------------

Leigubústaðir Árborgar :

Lagfæring Grænamörk 1 og 3	-1.500.000 kr.
----------------------------	----------------

- Fjárfestingar árið 2015 hækka um 40.000.000 kr. vegna viðbyggingar við Sundhöll Selfoss.
- Fjárfestingar árið 2016 eru óbreyttar milli umræðna.
- Fjárfestingar árið 2017 eru óbreyttar milli umræðna.

Lántökur

Árið 2014 hækka ný langtímalán um 10 millj.kr. milli umræðna.

Árið 2015 hækka ný langtímalán um 90 millj.kr. milli umræðna.

Árið 2016 hækka ný langtímalán um 30 millj.kr. milli umræðna.

Árið 2017 hækka ný langtímalán um 55 millj.kr. milli umræðna.

Skuldahlutfall

Skuldahlutfall í samræmi við útreikning skv. 14.gr. reglugerðar nr. 502/2012

	<u>Fyrri umræða</u>	<u>Seinni umræða</u>
2014	144,8%	134,3%
2015	150,6%	141,1%
2016	154,2%	145,0%
2017	158,0%	149,7%

Helgi S. Haraldsson, B-lista, Eyþór Arnalds, D-lista, Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri, Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, og Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, tóku til máls. Gert var fundarhlé.

Fundi var haldið áfram.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, Eyþór Arnalds, D-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tóku til máls.

Fjárhagsáætlun 2014 var borin undir atkvæði og samþykkt með 8 atkvæðum bæjarfulltrúa D-, S-, og V- lista, gegn atkvæði Helga S. Haraldssonar, bæjarfulltrúa B-lista.

Helgi S. Haraldsson, B-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæði sínu:

Eins og kom fram í bókun minni við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar, þá var ekkert samráð haft við undirritaðan við gerð hennar. Á milli umræðna var þó

boðað til fundar með öðrum bæjarfulltrúum en bara þeim sem sitja í bæjarstjórn fyrir D-lista. Svokallaður meirihluti var ekki með miklar breytingartillögur við áætlunina aðrar en lagfæringar og einstaka viðbætur við það sem gleymst hafði. Á fundinum viðruðu fulltrúar B- og S- lista hugmyndir um breytingar til að koma til móts við barnafjölskyldur og ákall um stöðugleika í þjóðfélaginu. Að lokum var samþykkt að draga til baka hækkunir á heitu vatni umfram áætlaða vísitöluhækkun og einnig að hætta við hækkunir á leikskólagjöldum, skólamat og skólavistun. Aðrar hækkunir standa frá fyrri umræðu, sumar umfram áætlaða vísitöluhækkun. En til að efna kosningaloforð sín lækkar meirihlutinn fasteignaskattsprósenta eitt árið enn. Rökstyðja það með því að það sé gert til að minnka álögur á fjölskyldur og húsnæðiseigendur. En er það svo? Lækkun fasteignaskattsprósentu kemur sér kannski vel fyrir þá sem enn eiga fasteign, svo framalega sem fasteignamat húsnæðis hafi staðið í stað á milli ára, en lækkunin er tekin til baka með öðrum gjöldum, s.s hækkun á heitu vatni, áframhaldandi háum fráveituskatti og öðrum gjöldum sem leggjast á fasteignir. Þannig að þegar upp er staðið er spurning hvort um lækkun eða hækkun er að ræða á álögum á íbúa sveitarfélagsins.

Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar var Sjálfstæðismönnum tíðrætt um miklar skuldir sveitarfélagsins og nauðsyn þess að grípa til aðgerða til að lækka þær og það með róttækum aðgerðum strax eftir kosningar. Og hver er staðan í dag, tæpum þremur árum síðar? Jú, skuldir hafa lækkað en ekki í takt við þau orð sem voru látin falla í síðustu kosningum. Enda gátu allir sagt sér það að þú snýrð ekki rekstri heils sveitarfélagsins við „ einn, tveir og þrír“, það tekur mun lengri tíma nema þú skerðir svo þjónustu og fjárfestingar að varla verði búandi í því á eftir. Þetta er langhlaup en ekki spretthlaup eins og svo mikið var haldið fram á þeim tíma.

Í framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir tapi á rekstri sveitarfélagsins fyrir árið 2014, upp á tæpar 100 milljónir í A hluta, ekki er nú metnaðurinn meiri en það ! Samkvæmt ársreikningum sveitarfélagsins 2010, 11, 12 og fjárhagsáætlun 2013 þá er þessi tillaga um fimmta árið í röð þar sem rekstur sveitarfélagsins er rekinn með tapi og nýttir fjármunir úr öðrum sjóðum til að greiða tapið niður, til dæmis er sveitarfélagið orðið í stórrí skuld við fráveitusjóð vegna þessa.

Allt tal um rekstrarhagnað síðustu ára og framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2014, þar sem reksturinn skili hagnaði, er bara til að slá ryki í augun á fólki sem gerir sér ekki grein fyrir hvernig rekstur sveitarfélags er upp byggður. Sá hagnaður er tilkominn vegna B hluta fyrirtækja sem skila miklum rekstrarafgangi ár eftir ár, án þess að hann fari í þann eiginlega rekstur sem hann á að fara í, s.s fráveitu, vatnsveitu o.fl. Hann fer allur inn í sjóðsbækur A hlutans (daglegan rekstur sveitarfélagsins) til að reka hann og samt á að reka hann með tapi á næsta ári. Á meðan safnar aðalsjóður skuldum hjá þessum B hluta fyrirtækjum, hundruð milljóna sem eiga að fara í framkvæmdir á þeirra vegum og ekki notast í neitt annað samkv. lögum, en hefur verið nýttur síðustu ár til að borga rekstrartap sveitarfélagsins af sínum daglegu verkefnum.

Nei, því miður tala tölurnar sínu máli og segja sannleikann sem ekki er alltaf sá sem óskað er eftir. Af þeirri ástæðu að lögð er fram fjárhagsáætlun þar sem reka á daglegan rekstur

sveitarfélagsins með tapi eitt árið enn, get ég ekki samþykkt þessa fjárhagsáætlun eins og hún er lögð fram, þrátt fyrir að komið hafið verið lítillaga á móts við óskir mínar og annarra og greiði því atkvæði gegn samþykkt hennar.

Helgi Sigurður Haraldsson, bæjarfulltrúi B-lista.

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæðum fulltrúa S-lista:

Undirrituð eru þeirrar skoðunar að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2014 hafi tekið jákvæðum breytingum á milli fyrri og seinni umræðu. Má þar nefna að samþykktar hafa verið breytingartillögur frá fulltrúum minnihlutans sem lagðar voru fram á vinnufundi bæjarstjórnar og af bæjarfulltrúa S-lista í fræðslunefnd. Tillögurnar fjölluðu um að falla frá hækkunum á gjaldskrá er vörðuðu kostnað barnafjölskyldna við skólagöngu barna sinna. Einnig hefur verið fallið frá áður samþykktri hækkun gjaldskrár Selfossveitna. Undirrituð lýsa ánægju sinni með að tekist hafi að ná samstöðu um þessar breytingartillögur. Með þessu teljum við markmiðum okkar og áherslum um forgangsröðun í þágu barnafjölskyldna hafi náð fram að ganga í fjárhagsáætluninni. Undirrituð lýsa þó miklum vonbrigðum með afstöðu meirihlutans vegna alltof lágrar grunnfjárhæðar til þeirra sem þurfa tímabundið á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins að halda. Undirrituð hafa áður lagt fram bókun vegna þess hversu lág grunnfjárhæðin er. Sveitarfélagið Árborg raðar sér í þann lítt eftirsóknarverða hóp að vera meðal allra lægstu sveitarfélaga á landinu þegar kemur að upphæð fjárhagsaðstoðar. Undirrituð leggja til að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar verði hækkuð sem allra fyrst. Ýmislegt í fjárhagsáætlun meirihluta D-lista fyrir árið 2014 ber þess merki að við erum að sigla inn í kosningaár. Fjárfestingaráætlun er til dæmis u.þ.b. 400 milljónum króna hærri fyrir árið 2014 heldur en hún hefur verið allt kjörtímabilið. Það helst síðan í hendur við nýjar lántökur sem hafa heldur ekki verið hærri á kjörtímabilinu. Undirrituð hafa gagnrýnt að undanfögnu að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafi komið seint fram og fagnefndir hefðu þurft að taka ríkari þátt í fjárhagsáætlunarvinnunni. Nauðsynlegt er að bæta vinnuferilinn við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar samþykkja þá fjárhagsáætlun sem hér er til afgreiðslu, ekki síst í ljósi þess að tekið var tillit til ábendinga minnihlutans sem skilar sér í betri fjárhagsáætlun. Það er svo verkefni allra bæjarfulltrúa að tryggja og hafa eftirlit með því að fjárhagsáætlun standist. Undirrituð flytja starfsfólki sveitarfélagsins bestu þakkir fyrir sitt mikilvæga framlag við fjárhagsáætlunargerðina.

Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi S-lista

Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi S-lista.

Andrés Rúnar Ingason, V-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæði sínu:

Bæjarfulltrúi V-lista fagnar því að kröfur Vinstri grænna og Samfylkingarinnar hafi náð fram að ganga um það að hækka ekki gjöld á barnafjölskyldur og að draga úr hækkunum á gjaldskrá hitaveitu Selfossveitna.

Undirritaður lýsir yfir nokkrum áhyggjum af þröngri fjárhagsstöðu bæjarins þar sem vart er svigrúm til að ráðast í neinar framkvæmdir umfram þær sem daglegur rekstur kallar á. Á kosningaárinu 2014 er gert ráð fyrir mun meiri fjáruútlátum til framkvæmda en síðastliðin ár. Framkvæmdir við hreinsistöð fráveitu og breytingar til að auka kennslurými í Sunnulækjarskóla þenja framkvæmdareikning bæjarins til hins ýtrasta.

Fyrir vikið er nær öllum smærri liðum ýtt út af árinu 2015 og yfir á árin 2016 og 2017 þar sem fátt ber nýtt við.

Andrés Rúnar Ingason, fulltrúi V-lista.

Gert var fundarhlé.

Fundi var haldið áfram.

Eyþór Arnalds, D-lista, tók til máls og gerði grein fyrir atkvæðum fulltrúa D-lista:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 var unnin í samráði við alla bæjarfulltrúa í fagnefndum sveitarfélagsins og byggist á þeirri þriggja ára fjárhagsáætlun sem samþykkt var samhljóða í bæjarstjórn á síðasta ári. Helstu frávík frá þeirri grunnáætlun eru auknar framkvæmdir, einkum vegna fráveituframkvæmda sem hefur verið flýtt og þeirri ákvörðun að hækka ekki gjaldskrár í grunn- og leikskólum. Fylgt er þeirri stefnumörkun bæjarstjórnar að lækka enn frekar fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði þriðja árið í röð. Eiga þessar aðgerðir að lækka enn frekar álögur á heimilin í sveitarfélaginu. Rekstur sveitarfélagsins hefur ekki verið betri um árabíl en nú um þessar mundir. Skuldir hafa lækkað og er jákvæð rekstrarafkoma af A og B hluta. Afgangur af rekstri samstæðunnar í heild skilar afgangi upp á 78 milljónir og er hér stefnt á afgang fjórða árið í röð. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins þakka starfsfólki sveitarfélagsins og öðrum bæjarfulltrúum fyrir óeigingjarnt starf.

XXII. 1310119

Fjárhagsáætlun 2015 – 2017 - síðari umræða

Eyþór Arnalds, D-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, Andrés Rúnar Ingason, V-lista, Eggert Valur Guðmundsson, S-lista, Gunnar Egilsson, D-lista, og Helgi S. Haraldsson, B-lista, tóku til máls.

Fjárhagsáætlun 2015 -2017 var borin undir og samþykkt samþykkt með 7 atkvæðum bæjarfulltrúa D-, V- lista, og Eggerts Vals Guðmundsonar, S-lista, gegn atkvæði Helga S. Haraldssonar, B-lista, en Arna Ír Gunnarsdóttir S-lista sat hjá.

XXIII. 1302175

Lántökur 2013

Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar, fylgdi úr hlaði tillögu um lántöku:

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 113.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna kaup sveitarfélagsins á húsnæði tónlistarskólans, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra, kt. 251070-3189, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Sveitarfélagsins Árborgar að undirrita

lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Helgi S. Haraldsson, B- lista, tók til máls.

Lántökur 2013, lán að fjárhæð 113 m.kr. borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

XXIV. 1302175

Lántökur 2013

Ari Björn Thorarensen, forseti bæjarstjórnar fylgdi úr hlaði tillögu um lántöku:

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 60.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna lóðar kaup sveitarfélagsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra, kt. 251070-3189, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Sveitarfélagsins Árborgar að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Gunnar Egilsson, D-lista, tók til máls.

Lántökur 2013, lán að fjárhæð 60 m.kr. borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundargerðin lesin upp og fundi slitið kl. 21:15

Eyþór Arnalds
Ari Björn Thorarensen
Kjartan Björnsson
Eggert Valur Guðmundsson
Andrés Rúnar Ingason
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

Sandra Dís Hafþórsdóttir
Gunnar Egilsson
Helgi Sigurður Haraldsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri